

1864.

22. sept.

Eptir að stjórnarráðið nú er búið að fá ítarlegri skýrslur um málið með bréfi yðar, dags. 1. dag febrúarm. þ. á., þá skal yður nú kunngjört yður til leiðbeiningar, að eptir því, sem enn er fram komið í málinu, virðist dómsmálastjórninni ekki vera næg ástæða til að sleppa ríkissjóðsins vegna rekaftökum þeim, sem hér er um rætt. 7 fylgiskjöl eru með bréfi þessu.

22. sept.

79. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins og amtmannanna á Íslandi, um skil sýslumanna fyrir tekjum.

Með því þess hefir vart orðið, þegar saminn hefir verið sá kaflinn, er Ísland snertir, af ríkisreikningunum fyrir hin síðari fjárhagsárin, að sýslumennirnir á Íslandi stundum hafa brotið á móti því, sem fyrir er mælt í bréfi innanríkisstjórnarinnar 13. d. janúarm. 1854 og bréfi dómsmálastjórnarinnar 5. d. júlím. 1861, þegar þeir hafa borgað tekjur þær, sem þeir hafa undir höndum, þarsem þeir ekki hafa tilgreint, svo sem vera ber, fyrir hvaða tekjum sæu gjörð skil með fê því, er þeir í hvert skipti borga, þá skorar dómsmálastjórnin hærmeð á yður, herra (tit.), eptir undirlagi rannsóknarmanna ríkisreikninganna, að skýra stjórnarráðinu frá, hvenær fjársektir að undanfögnu hafa verið við hafðar í suðurumdæminu (vesturumdæminu, — norður- og austurumdæminu) samkvæmt fyrgreindu bréfi dómsmálastjórnarinnar, til að neyða hlutaðeigendur til að hlýðnast boði því, sem hér er um rætt, svo og láta stjórnarráðið framvegis undireins vita af, þegar slíkum fjársektum verður beitt.

30. sept.

80. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi og amtmannsins yfir vesturumdæminu, um reikninga sýslumanna og umboðsmanna¹.

Þaræð ýmsir íslenzkir reikningar fyrir fjárhagsárið 1863—

¹) Amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu var s. d. ritað á sama hátt í bréfi, er þaradauki var um annað efni.